

Eitt spjald – fleiri spil

sjá myndir neðst í skjalinu

Efni:

- Kartonpappír í stærð A2
- Hlið úr pappakassa sem hægt er að sníða í stærð A2
- Skæri
- Lím
- Bókaplast
- Plöstunarfél og plast í hana
- Spjöld fyrir spilið – upphafs- og endareitur – reitir í spilið
- Karfa fyrir spjöldin, tening og spilakarla

Aðferð:

- Sníða til pappann og líma kartonpappírinn á hann
- Gera spjöld til að nota í spilinu. Fyrir þetta spil gerði ég samsett orð sem og að klappa atkvæði orða. Það má hugsa sér að gera rím, samheiti, andheiti eða hvað sem er. Ég hafði spjöldin 4,5x6,5 cm, setti myndir inn í rammann og textann fyrir neðan. Þar var t.d. mynd af regni og boga á einu spjaldi og svo mynd af regnboga á öðru spjaldi. Samtals gerði ég 40 samsett orð. Varðandi atkvæðaklappið þá gerði ég frá einu atkvæði og upp í fimm og gerði 10 spjöld af hverju. Gerði nokkur spjöld í stærð 5x7 cm. og hafði íslenska stafrófið í rammanum en þessi spjöld límast á spilaspjaldið. Allt prentað út, klippt og plastað (nema spjöldin með stafrófinu, þau eru ekki plöstuð). Klippt svo til og t.d. teygja sett utan um hvern flokk.
- Gerðir hvítir reitir með ramma (2x2 cm.) Gera einnig upphafs- og endareit. Prentað út og klippt
- Gerðir reitir sem hægt er að lenda á á leiðinni frá byrja til enda.



ef lent er á þessum reit má kasta teningnum aftur




ef lent er á þessum reit á að bíða eina umferð



ef lent er á þessum reit á að færa sig á reitinn sem er beint fyrir ofan á „næstu hæð“



ef lent er á þessum reit á að færa sig á reitinn sem er beint fyrir neðan á „næstu hæð“



hafði þessi spjöld 5x7 cm og setti íslenska stafrófið inn í rammanna. Ef lent er á þessum spjöldum á að draga spjald úr því þema sem ákveðið er að nota og á að gera það sem þar stendur hvort sem það er að klappa atkvæði, búa til samsett orð eða taka það í sundur.

- Þegar búið er að klippa allt til sem þarf að nota á spilaborðið er því raðað á það og svo límt niður. Viðbótarreitunum er dreift jafnt yfir allt spilið. Ég hafði 15 stór spjöld og 7 af öllum hinum.
- Þegar allt er komið á sinn stað er spjaldið plastað með bókaspjaldi og hægt er að hefja leik.

Spilið:

- Spilað eins og venjulegt teningaspil og ef lent er á öðru en hvítum reit er gert það sem þar stendur. Sá vinnur sem er fyrstur á endareitinn.

